

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 5-2016

Tími: Mánudaginn 6. júní 2016 kl. 10.00, á Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson, Guðni Þorvaldsson og Bjarni Stefánsson. Sigríður Hallgrímsdóttir var í síma. Hilmar Janusson og Helena Guttormsdóttir boðuðu forföll. Þuríður Lillý Sigurðardóttir var ekki viðstödd en aðgengileg í síma á fundartíma.

Brita Berglund ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Útskriftir vorið 2016 og staða umsókna um nám við skólann

Föstudaginn 3. júní brautskráðust 70 nemendur Lbhí við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti í Borgarnesi. Af þeim útskrifuðust 35 af búfræðibraut, 13 samtals með B.S. prófi af búvísindabraut og hestafræðabraut, 4 af náttúru- og umhverfisbraut, 5 af skógfræða- og landgræðslubraut og 8 af umhverfisskipulagsbraut. Þar að auki útskrifuðust fjórir nemendur með meistaraþáttu í skipulagsfræði og einn úr rannsóknamiðuðu meistaranámi. Við útskrift garðyrkjubrauta Lbhí, sem haldin var í Hveragerðiskirkju þann 28. maí sl., brautskráðust 25 nemendur; 10 í skrúðgarðyrkju og 15 í garðyrkjuframleiðslu.

Undanfarin ár hefur borið á miklum skorti á verknámsplássum fyrir nemendur í garðyrkju á sama tíma og atvinnuvegurinn gerir kröfur um mikið verknám. Þetta er ákveðin þversögn og þýðir að margir nemendur sem eru búnir með bóknaðslutann geta ekki fullklárað námið. Það er mikið áhyggjuefni og vill háskólaráðið benda því til forstöðumanna garðyrkjunámsins að leita leiða til endurskoðunar verknáms í samstarfi við atvinnuvegin.

Hvað varðar stöðu umsókna fyrir skólaárið 2016-2017 vekur áhyggjur að umsóknir fyrir umhverfisskipulagsbraut eru miklu færri en verið hefur og ljóst að fjöldi nýnema á brautinni verður í lágmarki í haust. Hvað veldur þessari lægð er ekki vitað, en reynslan sýnir að áhugi á umhverfisskipulagsbrautina fylgir efnahagssveiflum að vissu marki. Aðsókn í skógfræði og landgræðslu er líka í lágmarki á meðan garðyrkja og einkum búfræði standa vel að vígi. Vegna aðsóknar í búfræði hefur undanfarið verið hægt að velja úr nemendum, sem hefur auðveldað metnaðarfullt skólustarf.

3. Staða ferils umsókna um starfs deildarforseta

Fjórir umsækjendur af átta eru hæfir að mati fastadómnefnd Verk- og náttúruvísindasviðs HÍ; þau Auður Magnúsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Rannveig Anna Guicharnaud og Sæmundur Sveinsson. Nú taka við viðtöl sem eru skipulögð í samstarfi deildar og Capacent. Höfðu fundarmenn ekkert að athuga við ráðningaferlið, sem þótti eðlilegt.

4. Samskipti rektors og ráðuneyta (mmr og anr)

Anr: Rektor hefur verið í samskiptum við Gunnar Braga Sveinsson ráðherra um endurnýjun samnings Lbhí og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (anr) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu

og sérhæfðrar ráðgjafar. Fyrri samningur rennur út í ár og er óskað eftir því að nýr samningur nái yfir árin 2017-2020. Ennfremur er óskað eftir því að samningurinn verði verðtryggður og að verðyrnun sem hefur orðið á núverandi samningi verði bætt. Skólinn lítur á þær einskiptisupphæðir sem við höfum fengið undanfarin tvö ár (55 m.kr. 2015 og 58 m.kr. 2016) sem viðurkenningu á þessari verðyrnun og ráðherra hefur tekið undir þau sjónarmið. Frá og með síðustu fjárlögum er grunnupphæð samningsins verðbætt.

Samningurinn er orðaður þannig að arn getur farið fram á að Lbhí sinni ákveðnum verkefnum án sérstaks frumkvæðis sérfræðinga skólans. Með þessum afskiptum má lita svo á að arn sé frekar að kaupa þjónustu af Lbhí en að styðja við óháðar rannsóknir, og benda sérfræðingar skólans á að með þessu móti verða ekki endilega brýnustu verkefni fyrir valinu að þeirra mati.

Rektor hefur einnig verið í samskiptum við mmr um ástand fasteigna og leiðir til að fjármagna nauðsynlegt viðhald. Á Reykjum valda rakaskemmdir og mygla vanlíðan starfsmanna og var verkfræðistofan EFLA fengin til að gera úttekt á vandanum. Áætlaður kostnaður við úrbætur er um 15 m.kr. Þakið er smáum saman að fjúka af gróðurskálanum, sem tengir skólabygginguna við skrifstofu og mötuneytisálm. Viðgerðarkostnaður er áætlaður um 30 m.kr. Brunaúttekt var gerð nýlega á Reykjum og er kostnaður við umbætur um 3 m.kr. Alls eru þetta um 48 m.kr. Á Hvanneyri þarf að lagfæra þak og vegg á s.k. Hestarétt, sem er félagsaðstaða nemenda. Kostnaður um 11 m.kr. Allt eru þetta byggingar sem ekki heyra undir þjónustu Ríkiseigna og skólinn hefur ekki fjármagn fyrir framkvæmdirnar. Viðræðurnar við ráðuneytið nú snúast bæði um fjármagn fyrir brýnustu úrbætur og um framtíðalaun í viðhaldi fasteigna sem nú eru utan samninga við Ríkiseignir. Á háskólaráðsfundinum var bent á að þetta þarf að skoða í víðari samhengi og í sambandi við framtíða þörf skólans fyrir húsnæði. Meðal annars hafa verið uppi hugmyndir um að flytja starfsemi milli starfsstöðva, en þetta er flókið og viðkvæmt mál og þarf að taka tillit til margra þátta og sjónarmiða við ákvarðanatöku. Háskólaráð gegnir lykilhlutverki í ákvörðunum hér.

Samningur við mmr um starfsmenntanámið hefur verið í umræðu við ráðuneytið. Starfsnámsþáttur námsins hefur ekki verið metinn til kostnaðar áður og verið að reyna að koma því inn í næstu samningsdrög við ráðuneytið. Nýr lagarammi um ríkisfjármál þýðir innleiðingu nýrra starfshátta í áætlanargerð en háskólararnir almennt áhyggjur af of litlu fjárframlagi til málaflokksins samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ein hugmynd sem hefur verið lögð fram er að umbuna þeim stofnunum sem hafa staðið sig vel í rekstri undanfarið með því að klippa á skuldahala þeirra.

5. Staða fjárhags fyrstu 4 mánuði ársins

Yfirlit yfir fárhagsstöðu var lögð fyrir fundinn og rætt. Í heild hefur skólanum gengið vel bæði í áætlunargerð og að fylgja áætlun, og eru rauntölur ársins nokkurn veginn á áætlun. Þeim árangri ber að fagna en viðvarandi sparnaðaraðgerðir hafa þó hamlandi áhrif á starfsemina. Kaup á reitasláttuvél er í ferli.

6. Auglýsing vegna gjaldtöku vegna þjónustu Lbhí

Með nýjum starfsreglum ber skólanum að auglýsa gjaldskrá fyrir þjónustu við nemendur í Stjórnartíðindum. Drög að verðskrá fyrir auglýsingu voru lögð fram og rædd en engar efnislegar athugasemdir gerðar. Verðskráin verður auglýst að fengnu lögfræðiláti hvort skólanum sé heimilt að taka gjald fyrir fjárnámslausnir.

7. Háskólafundur og kosning fullrúa háskólasamfélagsins í nýtt háskólaráð fyrir starfsárin 2016-2017 og 2017-2018. Niðurstaða, lögfræðileg álitamál og framkvæmd.

Nýir fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráðið voru kosnir á háskólafundi þann 25. maí sl. Aðalmenn verða þær Hafdís Hanna Ægisdóttir og Helena Guttormsdóttir, og varamenn þau Arngrímur Thorlacius og Sigríður Kristjánsdóttir. Þetta var fyrsti háskólafundur eftir innleiðingu nýttar starfsreglna og komu starfsmenn á fundinum ýmsar ábendingar á framfæri við yfirstjórn um úrbætur á reglunum sjálfum sem og túlkun og framkvæmd þeirra. Yfirstjórn mun bregðast við þessum ábendingum eins og kostur er, og þær mun líka nýtast við endurskoðun reglnanna á næsta ári. Meðal annars snúast athugasemdirnar um að reglurnar endurspegli ekki starfsemi skólans nægilega vel. Þetta er þó flókið mál, þar sem við erum með bæði háskólanám og starfsmenntanám, en heyrum undir lög um háskóla.

8. Önnur mál

Guðni kom á framfæri áhyggjur af fækkun starfsmanna með landbúnaðartengda menntun, á sama tíma og aðsókn í búfræði hefur aukist. Kennsluskylda starfsmanna hamlar líka framlag þeirra til rannsókna. Rektor svaraði því til að eitt af brýnustu verkefnum háskóladeildar undir nýjum deildarforseta verður að gera forgangsröðun í ráðningum og mönnun. Landgræðsluskólinn hefur líka áhyggjur af mönnun þeirra starfa sem sinna skyldum Lbhí gagnvart þeim. Annað áhyggjuefni þessu tengt er minnkandi aðsókn í framhaldsnám á þessu sviði. Umræða spannst um mögulegar lausnir, t.d. hvort hægt væri að vera „djarfari“ í að ráða í stöður og treysta meira á verkefnafjármagn í þeim efnum. Einnig mætti etv. taka upp umræður við þróunarsjóði búgreina um að breyta úthlutunarreglum þannig að styrkir borgi laun doktorsnema, sem ekki er gert í dag.

Að lokum þakkaði rektor fráfarandi háskólaráð fyrir gott samstarf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 12.10